

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björn Einarsson, er sýknaður af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Andra Árnasonar héraðsdómslögmanns, 15.000 krónur.

Þriðjudaginn 7. apríl 1987.

Nr. 18/1987.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Sigurpáli Eiríki Garðarssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. desember 1986 að ósk ákærða og að því er hann einan varðar, en meðákærði í héraði vildi hlíta héraðsdómi. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður dómur sakadóms Reykjavíkur 2. febrúar sl. en með honum var ákærði dæmdur í 4 mánaða fangelsi (hegningarauka) fyrir þjófnað.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurpáll Eiríkur Garðarsson, greiði áfrýjunar-

kostnað sakarinnar þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. nóvember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 10. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 582-583/1986: Ákærvaldið gegn A og Sigurpáli Eiríki Garðarssyni, sem tekið var til dóms 6. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 29. september sl. á hendur ákærðu, A og Sigurpáli Eiríki Garðarssyni, áður að Lindargötu 63, nú að Vesturgötu 33A, fæddum á Akureyri 26. nóvember 1934, báðum til heimilis í Reykjavík.

Í ákærinni segir að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirgreind brot framin í Reykjavík sunnudaginn 4. maí 1986:

I. Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa brotist inn í kjallara hússins nr. 14 við Þingholtsstræti og stolið þar myndbandstæki.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Ákærða A er einum gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni R-46723 um götur borgarinnar undir áhrifum áfengis.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og ákærði A jafnframt til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaganna.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærðu og öðru því sem fram er komið í málinu:

I.

Um klukkan 11 að morgni sunnudagsins 4. maí sl. ók ákærði A ákærða Sigurpáli Eiríki Garðarssyni í Reykjavík í bifreiðinni R 46723 frá Lindargötu 63 að húsinu nr. 14 við Þingholtsstræti, þar sem ákærði Sigurpáll Eiríkur fór inn um opnanlegan glugga að þvottahúsi á bakhlið hússins með því að taka hann af lómunum, en glugginn hafði verið festur aftur með nagla að sögn ákærða Sigurpáls Eiríks.

Ákærði Sigurpáll Eiríkur skar á leiðslur að myndbandstæki í kjallara hússins og losaði það þannig. Hann tók síðan tækið, sló eign sinni á það og hafði á brott með sér út í bifreiðina, sem stóð fyrir utan húsið, en í henni beið ákærði A sem ók síðan ákærða Sigurpáli Eiríki að Lindargötu 63 þar sem hann átti heima, og þar faldi ákærði Sigurpáll Eiríkur tækið

á milli gólfborða í baðherbergi í íbúð sinni, en sambýliskona hans vísaði síðar um daginn lögreglu á tækið, sem komst til skila, og er ekki gerð bóta-krafa vegna þjófnaðarins á tækinu.

Ákærði A kveðst ekki hafa vitað fyrirfram að ákærði Sigurpáll Eiríkur ætlaði að brjótast inn og taldi að hann ætlaði að komast yfir brennivín í húsinu. A var fyrst ljóst er ákærði Sigurpáll Eiríkur kom til baka að hann hefði verið að stela í húsinu. A kveðst ekki hafa séð er ákærði Sigurpáll Eiríkur fór inn í húsið þar sem það hefði verið á bakhlið þess. A kveðst ekkert hafa gert í málinu þótt hann vissi að ákærði Sigurpáll Eiríkur hefði verið að stela og ók honum til baka með tækið. A kveðst hafa grunað að ákærði Sigurpáll Eiríkur færi í Þingholtsstrætið til að stela brennivíni, en grunaði ekki að hann ætlaði að stela myndbandstæki. Réð A framangreint af ummælum ákærða Sigurpáls Eiríks áður en lagt var af stað.

Ákærði Sigurpáll Eiríkur kveðst hafa átt uppástunguna að því að fara í Þingholtsstrætið og fékk A til að aka sér þangað. Minnst ákærði Sigurpáll Eiríkur þess ekki að hafa haft orð á því við A að hann ætlaði að fara í innbrot, en hann kveðst hafa verið dauðadrukinn umræddan morgun. Telur ákærði Sigurpáll Eiríkur að hann hafi ekki sagt A hvað hann væri að gera með því að fara að húsinu og ekki hafi hann sagt honum, er hann kom með tækið út í bifreiðina, að hann hefði brotist inn og stolið því.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hafði ákærði Sigurpáll Eiríkur haldið því fram að A hefði átt uppástunguna að því að fara að Þingholtsstræti 14.

II.

— — —

Niðurstöður.

Með eigin framburði ákærðu sjálfra, sem eru í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, þar á meðal niðurstöðu blóðrannsóknar, er sannað að ákærðu hafi gerst sekir um það sem þeim er gefið að sök í ákæru málsins og þar er rétt fært til refsíákvæða.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

Ákærði A:

— — —

Ákærði Sigurpáll Eiríkur:

Ákærði Sigurpáll Eiríkur hefur frá árinu 1954 til ársins 1985 hlotið 33 refsidóma, þar af 31 vegna þjófnaðar og í mörgum þeirra tilvika að auki

vegna annarra auðgunarbrot, en tvívegis var hann dæmdur einvörðungu vegna annarra brota, annars vegar vegna nytjastuldar en hins vegar vegna skjalafals.

Með framangreindum dómum hefur ákærði samtals verið dæmdur í 13 ára og 6 mánaða fangelsi, þar af í fyrsta sinn í 5 mánaða fangelsi skilorðsbundið. Hefur brotaferill ákærða verið næstum samfelldur. Á síðustu rúmum 6 árum hefur ákærði hlotið sex refsidóma, samtals 12 mánaða fangelsi, þar af síðast þann 23. júlí 1985. Þá hefur ákærði margoft gengist með dómsátt undir að greiða sáttir fyrir ölvunarbrot.

Ákærði hlaut reynslulausn 20. nóvember 1985 í 2 ár á eftirstöðvum refsingum, 110 dögum. Hann var látinn hefja afplánun þessara eftirstöðva 5 maí sl.

Refsingar.

— — —

Refsing ákærða Sigurpáls Eiríks verður ákveðin með hliðsjón af 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga, en ákærði er vanaafbrotamaður. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

— — —

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 142. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað. Skal ákærði Sigurpáll Eiríkur greiða skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 6.000 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði A sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarnnar og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá skal A greiða 18.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæta ella fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar.

Ákærði Sigurpáll Eiríkur Garðarsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði A er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði Sigurpáll Eiríkur greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 6.000 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.